

Hólaskóli - Hólum í Hjaltadal  
Einar Svavarsson  
Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur

Reykjavík, 27. október 2019  
UST201901-268/gf  
08.12.02


**Varðar vettvangsheimssókn í eftirlit ársins 2019 – fiskeldi (kynbóta og rannsókanstöð) Hólaskóla**

Þann 12. september sl. fór fram eftirlit í kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi hjá Hólaskóla. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu. Ársyfirlit hafði ekki borist til stofnunarinnar. Rekstraraðili bað um stuttan frest, brást við og hefur frávíkinu nú verið lokað.

Rekstraraðila var bent á ávinning af því að setja sér mælanleg umhverfismarkmið. Eins var farið fram á uppfærða áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og hefur hún nú borist stofnuninni.

Virðingarfyllst



Gottskálk Friðgeirsson



Hella Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi Hólar í Hjaltadal



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Kynbóta- og rannsóknastöð í	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólar í Hjaltadal	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	500169-4359	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Svavarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Björnsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram en ársyfirlit vegna ársins 2018 hafði ekki verið unnið. Rekstraraðili bað um stuttan frest og skilaði gögnunum 23. september sl. Frávikinu hefur því verið lokað.

Tvær ábendingar til rekstraraðila voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirliti Umhverfisstofnunar sem fór fram 12. september sl. að viðstöddum Einari Svavarssyni og Guðmundi Björnssyni frá Hólaskóla og Gottskálk Friðgeirssyni eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar.

Í samræmi við dagskrá var farið yfir nýjar kröfur í reglugerð nr. 550/2018 og aðferðafræði við mat á umhverfisáættu og hvernig tíðni eftirlits skuli ákvörðuð.

Farið var yfir drög á áhættumati.

Við eftirlitið komu fram að ársyfirlit kynbótastöðvarinnar fyrir 2018 hafði ekki verið skilað. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili bað um stuttan frest og barst ársyfirlitið þann 23. september. Frávikinu er því lokað.

Farið var yfir áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og bent á nokkrar úrbætur. Viðbrögð rekstraraðila haf nú þegar borist.

Eins var farið yfir hvað teljast tilkynningaskyldir atburðir hjá rekstraraðila og að tilkynningar skuli senda á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) hjá Umhverfisstofnun.

Rekstraraðila voru kynntir kostir þess að setji sér mælanleg umhverfismarkmið og nota þau til þess að mæla árangur í umhverfismálum.

Farið var í skoðun á stöðinni með stöðvarstjóra. Gengið var um stöðina og skoðuð ker með klakfisk, eins seiði og augnhrognavinnsla.

Hreinsivirki var skoðað í vatnshúsi, tromlusúr og lagnaleiðir, eins var vatnsöflun útskýrð.

Fóðrun og fóðurstýring var skoðuð.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

ákvæði í grein 4.5

Skila skal ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.

Ársyfirlit barst 23. september sl.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að senda inn úppfærða áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og hún hefur nú borist.

Bent var á kosti þess að setja sér mælanleg umhverfismarkmið og nota þau til að mæla árangur í umhverfismálum.

## ANNAÐ

Meðfylgjandi er gátlisti um stöðu mála í Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi á Hólum.

27.10.2019

- Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Gottskálk Friðgeirsson

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: Kynbótastöð í bleikjueldi - Hólaskóla	Dags. eftirlits: 12. september 2019	Staðsetning stöðvar: Hjaltadal	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 500169-4359	Gildistími starfsleyfis: 10. ágúst 2032	Kvittun afhend: Já – 12. ágúst 2019	Gerð stöðvar: Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			
Breytingar á starfssemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Umfang hefur aðeins aukist með tilkomu ljósastýringa. Þrjár vertíðir.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Bent var á að bæta má í varðandi skráningar og innra eftirlit.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars?		X		Ársyfirlit kynbótastöðvarinnar fyrir 2018 hafði ekki verið skilað. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili bað um stuttan frest og barst ársyfirlitið þann 23. september.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Ekki er krafist áhættumats og viðbragðsáætlunar. Farið var yfir áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og bent á nokkrar úrbætur.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Farið var yfir neyðaráætlun

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er neyðaráætlun til staðar?			X	
<b>Umhverfi</b>	<b>Já / Í lagi</b>	<b>Nei / Ekki í lagi</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Athugasemdir:</b>
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið liggja fyrir. Rekstraraðila bent á mælanleg markmið og hvernig þau geta bætt skráningar og ýtt undir umhverfismenningu í fyrirtækinu.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Fóðurþörf er útreiknuð og sjálfvirkir skammtarar notaðir við fóðrun. Þar sem markmið kynbótastöðvarinnar er að bera saman og velja úr systkinahópum þá er fóðrun höfð rífleg svo fóðrun sé ekki áhrifavaldur á vöxt. Úrgangsmyndun er því nokkur og $N_{heild}$ og $P_{heild}$ yfir losunarmörkum skv. tölum rekstraraðila.  Athuga skal með að endurreikna gögnin og taka tillit til fastefnis sem tromlusía hreinsar úr frárennslinu og draga það frá tölum fyrir N og P í frárennsli.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Losun á fósfór (P) og köfnunarefni (N) er reiknuð út frá mælingum í frárennsli.  N og P eru yfir losunarmörkum. Reiknað út frá magni í viðtaka.  Athuga skal með að endurreikna gögnin og taka tillit til fastefnis sem tromlusía hreinsar úr frárennslinu og draga það frá tölum fyrir N og P í frárennsli.  2017
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			Í frárennslinu eru tromlusíur og settankar. Útrás frá þeim fer í læk sem fellur í Hjaltadalsá.  Snyrtilegt er við lækinn en sýnileg eru nokkur áhrif af frárennsli stöðvarinnar.  Lykt er ekki vandamál.  Fiskur frá stöðinni kemst ekki út í lækinn né Hjaltadalsá.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í				Sjá næsta svar hér að ofan.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki er lækur sem fellur í Hjaltadalsá. Hjaltadalsá er jökulskotin dragá. Fjarlægð frá settönkum (3 raðtengdir) er um 500 – 800 metrar. ferskvatn (dragá)
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Sýnataka á fjögurra ára fresti. Að vetrarlagi og niðurstöður berast fyrir 1. maí.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Úrgangi safnað í þar til gerð ílát og rekstraraðili hefur hug á að auka flokkun og skráningu úrgangs. Seiðum og smáfiski sem hreinsað er úr kerjum er safnað í plastpoka sem fara út með úrgangi (Flokka ehf.) Dauður fullorðinn fiskur og gamall klakfiskur sem hætt er að nota til hrognafraleiðslu er sendur á Sauðarkróki í föðurgerð fyrir mink.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Vöktun í viðtaka
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Krafist er mælinga á fjögurra ára fresti. Næstu mælingar í frárennsli og viðtaka eru árið 2021.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Mælingar skal gera í frárennsli og viðtaka fjórða hvert ár. Já, sjá grein 4.2 í starfsleyfi Sýni hefur séð um mælingar sýnanna en rekstraraðila var bent á að heppilegt gæti verið að ráða verktaka fyrir fósfor- og köfnunarefnismælingarnar með tæki sem hafa betri greiningarhæfni.

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:


Fjögur frávik frá kröfum starfsleyfis fundust í eftirliti ársins 2017. Þeim hefur öllum verið lokað.

#### Samantekt:

Í eftirliti Umhverfisstofnunar sem fór fram 12. september sl. að viðstöddum Einari Svavarssyni og Guðmundi Björnssyni frá Hólaskóla og Gottskálf Friðgeirssyni eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

	<p>Samkvæmt dagskrá voru nýjar kröfur í reglugerð nr. 550/2018 og aðferðafræði við mat á umhverfisáhættu og hvernig tíðni eftirlits skuli ákvörðuð. Farið var yfir drög á áhættumati.</p> <p>Við eftirlitið komu fram að <i>ársyfirlit</i> kynbótastöðvarinnar fyrir 2018 hafði ekki verið skilað. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili bað um stuttan frest og barst ársyfirlitið þann 23. september. Frávikinu er því lokað. Farið var yfir <i>áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar</i> og bent á nokkrar úrbætur. Viðbrögð rekstraraðila hafa nú þegar borist.</p> <p>Eins var farið yfir hvað teljast <i>tilkynningaskyldir atburðir</i> hjá rekstraraðila og að tilkynningar skuli senda á <a href="mailto:ust@ust.is">ust@ust.is</a> hjá Umhverfisstofnun. Rekstraraðila voru kynntir kostir þess að setji sér mælanleg umhverfismarkmið og nota þau til þess að mæla árangur í umhverfismálum.</p>
<b>Annað:</b>	<p>Farið var í skoðun á stöðinni með stöðvarstjóra. Gengið var um stöðina og skoðuð ker með klakfisk, eins seiði og augnhrognavinnsla. Hreinsivirki var skoðað í vatnshúsi, tromlusiur og lagnaleiðir, eins var vatnsöflun útskýrð.</p> <p>Fóðrun og fóðurstýring var skoðuð,</p>



Undirskrift eftirlitsmanns: \_\_\_\_\_